

Sigrún Hauksdóttir
2. febrúar 2010

Gegnis - kerfisvinna Lyklun, lagfæring bókfræðifærslna og uppsetning þjónustupakka

Síðan um áramót höfum við hjá Landskerfi bókasafna staðið í umfangsmikilli kerfisvinnu vegna Gegnis. Kerfinu hefur verið lokað tvisvar sinnum og munum við þurfa að loka því einu sinni enn til að ljúka þeirri vinnu sem fyrir liggur. Hér verður gerð grein fyrir þessum verkefnum, sem eru lagfæringar á bókfræðifærslum í Gegni, lyklun bókfræðigrunnans og uppsetning þjónustupakka.

Undirbúningur

Nauðsynlegt skref til undirbúnings kerfisverkefnanna var að samræma raun- og prófunaumhverfi Gegnis og voru bæði gögn og kerfistöflur fluttar frá raunumhverfi kerfisins yfir í prófunarumhverfið til að gögn og virkni kerfanna yrðu eins. Þetta var fyrsta lokun Gegnis þann 7. janúar síðastliðinn. Næsta lokun var helgina 23. - 24. janúar. Ástæða kerfisvinnunnar þá var lyklun á bókfræðigrunni Gegnis ásamt umfangsmiklum lagfæringum á bókfræðifærslum í Gegni.

Lagfæring á bókfræðifærslum

Megin ástæða lagfæringar á bókfræðifærslum var að bæta vinnuumhverfi þeirra sem skrá bókfræðifærslur í kerfið. Það var gert með því að eyða bókfræðisviðum sem ekki eru lengur nauðsynleg og bæta inn atriðum sem almennt vantaði í bókfræðifærslurnar. Forsagnir sem byggðu á bókfræðiformötum, þ.e.a.s. hvort um bók, grein, tímarit o.s.frv. væri að ræða, ákvörðuðu hverju væri eytt og hverju væri breytt. Með þessum vélrænu lagfæringum komst Gegnis í miklu betra horf og gagnagrunnurinn verður í framtíðinni auðveldari í meðhöndlun, t.d. við úrvinnslu vegna Primo. Við lagfæringuna fækkar villuboðum í kerfinu og þau sem eftir standa verða marktæk.

Lyklun

Bókfræðigrunnur Gegnis er lyklaður einu sinni á ári með það að leiðarljósi að að gera leitir í gagnagrunninum skilvirkari og til þess að mæta breyttum kröfum frá notendum. Að þessu sinni var tilgangur lyklunarinnar fyrst og fremst að gera rafrænt efni í Gegni leitarbært og að bæta leit að ritröðum og atriðum í þeim vegna breytinga á ritraðasviðum í MARC-sniðinu. Þremur nýjum orðaindexum var bætt við:

- WTY - til að geta leitað að og takmarkað við rafrænt efni
- WMA - fyrir markhópakóðun í sviði 008. Þessi index gerir það t.d. kleift að takmarka leit við barnaefni
- WMU - fyrir tegund tónlistar úr 008 sviðinu

Seinni tveir indexanir eru einungis aðgengilegir í skipanaleit á gegnir.is og í starfsmannaaðgangi.

Rafrænt efni

Rafrænt efni er nú orðið mun sýnilegra. Meðal annars hefur verið bætt inn íkoni fyrir rafrænt efni í lista yfir leitarniðurstöður, mögulegt er að takmarka leit við rafrænt efni og kominn er sérstakur sýndargrunnur fyrir rafrænt efni á forsíðu gegnir.is. Hingað til hefur rafrænt efni í Gegni verið illsýnilegt vegna þess að það hefur verið skráð í sömu bókfræðifærslu og aðrar efnistegundir, t.d. hefur prentuð bók og rafrænt eintak af sömu bók verið skráð í eina bókfræðifærslu.

Um langt skeið hefur verið þrýstingur um að gera rafræna efninu hærra undir höfði. Á fundi skrásetjara sem haldinn var í Þjóðarbókhöðun í lok árs 2008 var ákveðið að endurskoða þyrfti vinnubrögð við skráningu og varðveislu á rafrænu efni. Í kjölfarið voru stofnaðir tveir vinnuhópar sem annars vegar fjalla um skráningu á rafrænu efni og hins vegar varðveislu á rafrænu efni.

Markmiðin með störfum hópanna eru þessi:

- Endurskoða vinnuferli við skráningu á rafrænu efni
- Ákveða hvort áfram skuli skrá rafrænt og prentað efni saman í eina færslu eða hvort skrá eigi það í aðskildar færslur
- Leita leiða til að auðvelda aðgengi að rafrænu efni í Gegni og gera það sýnilegra í leitarniðurstöðum
- Finna vinnulag og setja reglur um varðveislu og aðgengi á rafrænum gögnum
- Beita sér fyrir skýrum reglum um skylduskil á rafrænu efni

Talsmenn hópanna eru Þóra Gylfadóttir, Háskólanum í Reykjavík fyrir skráningarhópin og Rósa S. Jónsdóttir, Orkustofnun fyrir varðveisluhópin.

Samhliða þessari vinnu hóf Landskerfi bókasafna þróunarvinnu til þess að gera rafræna efnið leitarbært og sýnilegra. Nú er svo komið að rafræna efnið hefur tekið yfir (í niðurstöðulista) í þeim tilvikum þegar bæði rafrænt- og annað efni eru skráð saman. Þetta er mjög umdeilt og framvegis virðist nauðsynlegt að skrá rafræna efnið í sér bókfræðifærslu til þess að annað efni týnist ekki í leitarniðurstöðum.

Landskerfi bókasafna og vinnuhóparnir eru þess meðvitaðir að birting rafræna efnisins er enn ófullkomin og er unnið að því að lagfæra bæði bókfræðigögn og verkferla.

gegnir.is

Smávægilegar breytingar hafa verið gerðar á gegnir.is. Tengillinn "Eintök - Smelltu hér til að sjá upplýsingar um eintökin" var færður til og er núna efst í fullri færslu en var áður neðst í færslunni. Í kjölfar uppsetningar þjónustupakka eru fyrirhugaðar fleiri breytingar á gegnir.is. Upplýsingar um þær breytingar verða sendar út í kjölfarið.

Þjónustupakkar

Þessa dagana er unnið að uppsetningu þjónustupakka í prófunarumhverfi Gegnis. Vegna uppsetningar þeirra þarf að loka Gegni, bæði gegnir.is og starfsmannaaðgangi. Lokunin er áætluð miðvikudagskvöldið 17. febrúar næstkomandi og verður kerfið opnað aftur um hádegisbil næsta dag, fimmtudaginn 18. febrúar. Sendar verða út tilkynningar þess efnis þegar nær dregur.

Þjónustupakki er viðbótarhugbúnaður sem kemur reglubundið út fyrir hverja útgáfu Aleph kerfisins. Nauðsynlegt er að setja upp þjónustupakka til að tryggja gæði og hámarks skilvirkni bókasafnskerfisins. Þjónustupakkar eru gefnir út fjórum sinnum á ári og við hjá Landskerfi bókasafna setjum vanalega upp tvo til þrjá pakka í einu.

Þjónustupakkar innihalda:

- Leiðréttingar á villum
- Minniháttar viðbætur við virkni bókasafnskerfisins
- Tæknilegar breytingar sem eru nauðsynlegar til framþróunar kerfisins

Núna verða settir upp þrjú þjónustupakkar. Að þessu sinni er fyrst og fremst verið að leiðrétta villur í kerfinu. Við teljum að við venjulegar kringumstæður muni notendur ekki verða varir við neinar breytingar. Þó ber þess að minnast að hluti af nýjasta þjónustupakkanum er lagfæring hægagangs í Gegni. Eitt af meginverkefnum haustsins hjá Landskerfis bókasafna var að greina hægagangsvanda í Gegni ásamt Ex Libris framleiðanda kerfisins. Eftir töluverðar rannsóknir fannst villa í hugbúnaði sem hægði á kerfinu við vissar aðgerðir og var kerfið hjá okkur leiðrétt í kjölfarið.